



Þekkingarnet
Þingeyinga

ÁRSSKÝRSLA 2021

ÁSAMT STARFSÁÆTLUN 2022



febrúar 2022



Febrúar 2022

Þekkingarnet Þingeyinga
Hafnarstétt 3, 640 Húsavík
www.hac.is

Forsíðumyndir (frá vinstri):

Framkvæmdadfundur, Stefán Pétur og Guðrún Ósk í október 2021
Heiðrún Óladóttir sinnir kennslu hjá ÞP í sept 2021
Sumarstarfsmenn í ferð til Flateyjar í júlí 2021
Útskrift félagsliða í júní 2021

Myndataka: Halldóra Kristín Bjarnadóttir og starfsfólk Þekkingarnets Þingeyinga

Ábyrgð/ritstjórn
Óli Halldórsson

Umsjón:
Lilja B. Rögnvaldsdóttir

ISSN: 1670-813X

EFNISYFIRLIT

Frá forstöðumanni	<u>1</u>
Stjórn og starfsfólk	<u>2</u>
Starfssvæði	<u>6</u>
Húsnæði	<u>7</u>
Hraðið	<u>10</u>
Símenntunarsvið	<u>11</u>
Náms- og starfsráðgjöf	<u>16</u>
Háskólanámssvið	<u>19</u>
Rannsóknasvið	<u>23</u>
Verkefni sumarnema	<u>34</u>
Ráðstefnur og málþing	<u>38</u>
Starfsemi í Langaneshúsinu	<u>39</u>

FRÁ FORSTÖÐUMANNI

Uppbygging á Húsavík

Árið 2021 einkenndist af mikilli gerjun hjá Þekkingarneti Þingeyinga og samstarfsstofnunum. Þekkingarnetið hefur um nokkurt skeið haft frumkvæði að uppbyggingu og eflingu þekkingarsamfélagsins á Húsavík. Á árinu 2021 voru teknar stórar ákvarðanir í þessum efnum. Víkið var frá fyrri áformum sem unnið hafði verið að á árinu þar á undan um uppbyggingu þekkingarklasa í fyrrum frystihúsi FH á Húsavík og verkefninu valinn staður á Hafnarstétt 1-3. Við árslok hafði verið lokið við undirritun formlegra leigusamninga um ríflega 1.000 fm. sérhæft húsnæði, bæði í húsum sem fyrir standa og viðbyggingu sem lokið verður við um mitt ár 2022. Þekkingarnetið leiðir þennan klasa stofnana, en um mitt næsta ár munu verða um 30 heilsársstörf innan klasans á vegum 5-6 stofnana, auk fólks í tímabundnum verkefnum.

Hraðið - nýsköpunarmiðstöð

Á árinu 2021 var lögð lokahönd á stofnun nýs öflugss frumkvöðlaseturs innan nýja þekkingarklasans á Húsavík, Hraðið-nýsköpunarmiðstöð. Að þessu verkefni hafði verið unnið á árinu 2020 en það formað og fjármagnað á árinu 2021. Á árinu 2022 hefur Hraðið-nýsköpunarmiðstöð rekstur, með fullri þjónustu og aðstöðu, þ.m.t. FabLab Húsavík.

Starfsemi í héraðinu

Þekkingarnetið hefur um árabíl starfrækt mannaðar þjónustueiningar á Þórshöfn og í Mývatnssveit. Á báðum stöðunum er unnið að úrbótum á aðstöðu í samstarfi við sveitarfélögin og stofnanir á hvorum stað. Á árinu 2022 standa vonir til þess að í Mývatnssveit muni Þekkingarnetið geta opnað nýja starfsstöð sína við Skútustaði í samstarfi við Vatnajökulsþjóðgarð og fleiri stofnanir. Á Þórshöfn er svo stefnt að því að Þekkingarnetið muni geta fært sína starfsstöð í nýjan klasa nokkurra stofnana í húsnæði sem Langanesbyggð hefur fest kaup á.

Menntaþjónustan

Þekkingarnetið er fullgild sýmenntunarmiðstöð meðal annarra slíkra á landinu og var starfsemi á sýmenntunarsviði að ýmsu leyti í föstum farvegum á árinu 2021. Úrbóta er þörf í rekstrar- og lagaumhverfi sýmenntunar/framhaldsfræðslu á landinu og tók Þekkingarnetið virkan þátt í viðleitni sýmenntunarmiðstöðva til að ná fram þörfum breytingum.



Að öðru leyti var fyrirferðamikil vinna við sérverkefni tengd afleiðingum covid á vinnumarkaði í samstarfi við Vinnumálastofnun. Þjónusta við háskólanema var töluvert mikil á árinu 2021, en mikið var um fjarnámsþjónustu við þá. Kennsluaðferðir á árinu tóku mikið mið af fjöldatak-mörkunum innan háskólanna sem leiddu til þess að háskólanemar stunduðu nám sitt í mun meira mæli í heimahúsum en í venjulegu ári.

Rannsóknirnar

Lítill röskun varð á sviði rannsókna og þróunarverkefna hjá Þekkingarnetinu á árinu af völdum samkomutakmarkana. Þekkingarnetið hélt áfram að sækja verulega í sig veðrið í alþjóðlegum samvinnuverkefnum, sem nú eru farin að verða að föstum lið í rekstri og starfsemi stofnunarinnar. Önnur rannsóknaverkefni fjármögguð úr innlendum samkeppnis-sjóðum höfðu góðan framgang á árinu og útseld rannsóknavinna einnig.

Það er mikill kraftur í starfsemi þekkingargeirans í Þingeyjarsýslum og spennandi tímar framundan.

A handwritten signature in blue ink, which appears to read 'Óli Halldórsson'.

Óli Halldórsson,
Forstöðumaður Þekkingarnets Þingeyinga.

STJÓRN OG STARFSFÓLK

Starfsmannahald: Helstu tölur

Á árinu 2021 útheimti starfsemi Þekkingarnets Þingeyinga alls um 13,1 ársverk eins og taflan að neðan greinir frá. Þar af var 21 launþegi á skrá í launakerfi stofnunarinnar á árinu í samtals 11,1 stöðugildi/ársverki. Einnig var nokkuð um tímabundin verkefni við námskeiðakennslu, eða alls 1,9 ársverk.

Starfsmannahald	Áætlun 2021	Niðurstaða 2021	Áætlun 2022
Stöðugildi launþega á heilsársvísu	11,0	11,1	11,0
Stöðugildi verktaka við tímabundna námskeiðskennslu	2,5	1,9	2,5
Stöðugildi vegna þjónustusamninga	0	0,1	0,1
Alls stöðugildi	13,5	13,1	13,5

Stjórn og skipurit	2021	Áætlun 2022
Mannabreytingar í stjórn	Eyjólfur Guðmundsson kom inn í stað Rannveigar Björnsdóttur f.h. Háskólans á Akureyri.	Nýir fulltrúar munu koma inn f.h. framhaldsskólanna í Þingeyjarsýslum og Héraðsnefnd Þingeyinga á árinu. Rannveig mun aftur taka sæti í stjórn ÞP f.h. Háskólans á Akureyri að loknu rannsóknarleyfi hennar á árinu.


Starfsfólk Þekkingarnets Þingeyinga á launaskrá í árslok 2021

<p>Óli Halldórsson Forstöðumaður MA Umhverfisfræði, BA heimspeki, Framhaldsskólakennari</p>		<p>Aðalgeir Bjarnason Húsumsjón og ræstingar Húsavík</p>	
<p>Arnþrúður Dagsdóttir Verkefnastjóri í Mikley MA og BA í myndlist, kennslufræði</p>		<p>Guðrún Helga Ágústsdóttir Náms- og starfsráðgjafi MA náms- og starfsráðgj. BA félagsráðgjöf Dipl. starfsendurhæfing</p>	
<p>Guðrún Ósk Brynjarsdóttir Skrifstofustjóri, afgreiðsla Skólaritari frá VÍ</p>		<p>Heiðrún Óladóttir Verkefnastjóri á símenntunarsviði BEEd kennari</p>	
<p>Helena Eydís Ingólfssdóttir Verkefnastjóri á rannsóknasviði BEEd kennari, MPA í opinberri stjórnsýslu</p>		<p>Hilmar Valur Gunnarsson Verkefnastjóri á símenntunarsviði BA í félagsráðgjöf</p>	
<p>Ingibjörg Benediksdóttir Verkefnastjóri á símenntunarsviði BA í nútímafræðum</p>		<p>Lilja Berglind Rögnvaldsdóttir Verkefnastjóri á rannsóknasviði MS alþjóðamarkaðsfr. MS ferðamálafræði Cand.Oecon Viðskiptafræði</p>	
<p>Stefán Pétur Sólveigarson Verkefnisstjóri Hraðsins nýsköpunarm. BA Vöruhönnun</p>			

Eftirtaldir starfsmenn voru á launaskrá hjá stofnuninni hluta úr ári 2021


<p>Huld Hafliðadóttir Umsjón með sumarnemum Kennsla og rannsóknir</p>		<p>Ólöf Traustadóttir Sumarnemi Hamingjuverkefni</p>		<p>Margrét Hildur Egilsdóttir Sumarnemi Sögur úr sveitinni, hlaðvarp</p>	
<p>Ragnheiður I. Einarsdóttir Sumarnemi Gönguleiðir og Evrópuverkefni</p>		<p>Erla Diljá Sæmundardóttir Sumarnemi Evrópuverkefni</p>		<p>Baldur Jónsson Sumarnemi Smáforrit í ferðaþjónustu</p>	
<p>Elías Árni Eypórsson Sumarnemi Hagtölur í Þingeyjarsýslum</p>		<p>Hólmar Ben Kristjánss. Sumarnemi Heimasíða og þýðingar</p>		<p>Páll H. Svavarsson Sumarnemi Sólborgarmálið, hlaðvarp</p>	

Að auku störfuðu eftirtaldir sumarnemar hjá stofnuninni en voru á launaskrá annars staðar

<p>Rósa Björg Þórsdóttir Gönguleiðir við Raufarhöfn</p>		<p>Hrefna Maren Jörgensen Saga færeyskra sjómanna við Bakkafjörð</p>		<p>Brynjar Örn Arnarson Grundun mannvirkja</p>	
---	---	--	---	--	---

Skipurit

Fagsvið Þekkingarnets Þingeyinga eru fjögur og skarast starfssvið starfsmanna að nokkru leyti milli sviða. Unnið er í "teymisvinnu" fyrir hvert svið



Stjórn

Stjórn Þekkingarnets Þingeyinga er skipuð 8 fulltrúum sem tilnefndir eru til tveggja ára í senn. Stjórnin myndar þriggja manna framkvæmdaráð úr sínum röðum sem getur afgreitt ákveðin mál í umboði stjórnar. Venjur hafa skapast á undanförunum árum um skiptingu fulltrúa framhaldsskóla á milli FL og FSH og einnig hafa sveitarfélög utan Norðurþings skipst á með fulltrúa sem tilnefndur er af Héraðsnefnd Þingeyinga. Rannveig Björnsdóttir fór í rannsóknarleyfi frá Háskólanum á Akureyri á árinu 2021 og í hennar stað kom Eyjólfur Guðmundsson, rektor. Aðrar breytingar urðu ekki á stjórn á árinu 2021. Fyrir liggur að nýir fulltrúar komi inn á árinu 2022 f.h. framhaldsskólanna í Þingeyjarsýslum og Héraðsnefnd Þingeyinga. Stjórn Þekkingarnets Þingeyinga í árslok 2021 var skipuð eftirfarandi aðilum:

Stéttarfélag í Þingeyjarsýslum:	Aðalsteinn Árni Baldursson (formaður)
Rannsóknastofnanir í Þingeyjarsýslum:	Margrét Hólm Valsdóttir
Norðurþing:	Jón Höskuldsson
Samtök atv.rekenda í Þingeyjarsýslum:	Yngvi Ragnar Kristjánsson
Framhaldsskólar í Þingeyjarsýslum:	Sigurbjörn Árni Arngrímsson
Háskóli Íslands:	Rögnvaldur Ólafsson
Háskólinn á Akureyri:	Eyjólfur Guðmundsson
Héraðsnefnd Þingeyinga:	Mirjam Blekkenhorst


Framkvæmdaráð Þekkingarnets Þingeyinga í árslok 2021:

Aðalsteinn Árni Baldursson
Jón Höskuldsson
Margrét Hólm Valsdóttir

Stjórn Þekkingarnetsins kom saman til fundar fimm sinnum á árinu 2021.

STARFSSVÆÐI

Starfssvæði Þekkingarnetsins er á norðausturhorni landsins frá Vaðlaheiði í vestri til og með Bakkafirði í austri. Það er stórt að flatarmáli og nær yfir sex sveitarfélög. Svæðið er fremur strjálbýlt og búsetuform fjölbreytt. Húsavík er stærsti þéttbýliskjarninn en landbúnaðarhéruð og smærri þéttbýliskjarnar umhverfis. Samgöngur eru fremur erfiðar á starfssvæðinu þar sem vegalengdir eru miklar og veður og færð geta verið hamlandi á veturna. Þá eru almenningsamgöngur innan svæðisins takmarkaðar. Akstursvegalengd eftir þjóðvegi milli enda starfssvæðis frá vestri til austurs er um 270 km stystu leið. Að flatarmáli er svæðið allt um 18.440km² eða 18% landsins. Rauðir punktar á mynd 2 sýna mannaðar starfsstöðvar í fullum rekstri (Húsavík, Mývatnssveit og Þórshöfn) og gulu punktarnir aðra þjónustustaði (Kiðagil, Laugar, Kópasker og Raufarhöfn).



Starfsstöðvar og þjónustustaðir Þekkingarnetsins

Þekkingarnetið er aðili að Kvasi sem eru samtök fræðslu- og símenntunarmiðstöðva. Myndin sýnir starfssvæði þeirra ellefu símenntunarmiðstöðva sem eiga aðild að samtökunum. Þekkingarnetið rekur alls sjö þjónustustöðvar á Norðausturlandi (8.1–8.7).



1. Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum
 - 1.1. Reykjanesbær
2. Mímir-símenntun
 - 2.1. Reykjavík - Höfðabakki
 - 2.2. Reykjavík - Öldugata
3. Framvegis - miðstöð símenntunar
 - 3.1. Reykjavík - Skeifan
4. Símenntun Vesturlands
 - 4.1. Borgarnes
 - 4.2. Akranes
 - 4.3. Ólafsvík
 - 4.4. Grundarfjörður
 - 4.5. Stykkishólmur
 - 4.6. Búðardalur
5. Fræðslumiðstöð Vestfjarða
 - 5.1. Ísafjörður
 - 5.2. Patreksfjörður
 - 5.3. Hólmavík
6. Farskólinn - miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra
 - 6.1. Sauðárkrúkur
 - 6.2. Hvammstangi
 - 6.3. Blönduós
 - 6.4. Skagaströnd
7. SÍMEY
 - 7.1. Akureyri
 - 7.2. Dalvík
 - 7.3. Fjallabyggð
8. Þekkingarnet Þingeyinga
 - 8.1. Húsavík
 - 8.2. Þórshöfn
 - 8.3. Raufarhöfn
 - 8.4. Kópasker
 - 8.5. Mývatnssveit
 - 8.6. Laugar
 - 8.7. Bárðardalur
9. Austurbú
 - 9.1. Egilsstaðir
 - 9.2. Reyðarfjörður
 - 9.3. Neskaupstaður
 - 9.4. Djúpivogur
 - 9.5. Vopnafjörður
 - 9.6. Seyðisfjörður
10. Fræðslunet Suðurlands
 - 10.1. Selfoss
 - 10.2. Hvalsvíllur
 - 10.3. Vík
 - 10.4. Höfn
 - 10.5. Hella
 - 10.6. Kirkjubæjarklaustur
 - 10.7. Reykholt
11. Víska
 - 11.1. Vestmannaeyjar

Húsnæði ÞP Staðsetning	Hús	2021 Aðstaða	Markmið 2022
Húsavík	Hafnarstétt 3 Skólahúsnæði og stakir salir	400m ² aðalhúsnæði ÞP. Skrifstofuaðstaða fyrir um 15 starfsmenn, námsver, 3 kennslu- og fundarými. Aðstaða til fjarfunda. Kennslu og fyrirlestraadstaða leigð í tímavís eftir þörfum. Framkvæmdir við nýtt húsnæði að Hafnarstétt 1-3 hófust í október. Nýtt og fullbúið 100m ² Fablab opnaði auk þess í lok árs að Hafnarstétt 1.	Að framkvæmdum á framtíðarhúsnæði ÞP og samstarfsstofnana verði lokið í maí. Um verði að ræða vinnustað/setur af nýrri gerð með starfsstöðvum fyrir 25- 30 manns á sviði þróunar, rannsókna, fræðslu og stoðkerfis atvinnulífsins undir einu þaki miðsvæðis á Húsavík. Þar verði aðstaða til kennslu, fyrirlestra, fundahalds, og fjarfunda. Í setrinu verði jafnframt aðstaða til nýsköpunar og skapandi rými (FabLab). Til verði vettvangur sem stuðli bæði að rekstrarlegum og faglegum samlegðar- áhrifum á því sviði þar sem öfl þekkingar-, rannsókna- og fræðslustofnana ásamt stoðkerfi atvinnulífsins verði leidd saman.
Þórshöfn	Menntasetrið á Þórshöfn, Langanesvegi 1.	Um 200m ² húsnæði með skrifstofurými, námsveri, kennslurými og fjarfundaðstöðu	Unnið verði að útfærslu nýrrar aðstöðu að Fjarðarvegi 5 í samstarfi við Langanesbyggð. Þar er framtíðarmarkmið að koma á laggirnar miðstöð nýsköpunar og frumkvöðla.
Mývatnssveit	Hreppsskrifstofa/ þekkingarsetur	Þekkingarsetrið Mikley opnaði árið 2018 í Mývatnssveit 200m ² húsnæði. Skrifstofurými, námsver, kennslurými, fjarfundaaðstaða.	Stefnt er að flutningi skrifstofu ÞP í nýtt setur í húsnæði Hótel Gígs á árinu. Unnið verði að frekari útfærslu í samstarfi við Vatnajökulspjóðgarð, Umhverfisstofnun, Skútustaðahrepp, RAMÝ og NNA. Hugmyndin byggir á sömu markmiðum og hér er lýst að ofan fyrir Húsavík.
Laugar	Seigla, grunnskólahúsið á Laugum	Fjarfunda- og próftökuaðstaða, nettenging og lesrými.	Námsver rekið áfram eftir eftirspurn og þörfum í samstarfi við Þingeyjarsveit og Seiglu-þekkingarsetur.
Kópasker	Skólahúsið á Kópaskeri	Fjarfunda- og próftökuaðstaða, nettenging og lesrými.	Óbreytt húsnæði og aðstaða. Stefnt að auknu samstarfi við verkefni Byggðastofnunar og Norðurþings á svæðinu.
Raufarhöfn	Grunnskólinn á Raufarhöfn, Aðalbraut 23.	Fjarfunda- og próftökuaðstaða, nettenging og lesrými.	Óbreytt húsnæði og aðstaða. Stefnt að auknu samstarfi við verkefni Byggðastofnunar og Norðurþings á svæðinu.

Húsnæði og aðstaða

Undanfarin ár hefur meginstarfsstöð Þekkingarnets Þingeyinga verið á Hafnarstétt 3 á Húsavík. Um er að ræða uppert gamalt timburhús við höfnina á Húsavík, alls um 400m². Húsið hefur frá byggingarárinu 1930 hýst atvinnustarfsemi af mjög ólíku tagi, einkum í tengslum við sjávarútveg og fiskverkun.

Húsið var gert upp fyrir rúmum áratug og útbúið sem skrifstofuhúsnæði. Það hentar afar vel undir starfsemi Þekkingarnetsins en þar eru vinnustöðvar fyrir u.þ.b. 15 starfsmenn, kennslurými, fundarherbergi, námsver með lesrými, rannsóknastofa auk afgreiðslu og annars sameiginlegs rýmis.



Hafnarstétt 3 á Húsavík

Þekkingarnetið framleigir hluta húsnæðisins á Húsavík til samstarfsstofnana, þ.e. Náttúrustofu Norðausturlands og Háskóla Íslands. Auk þess leigir Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra eina skrifstofu. Þekkingarnetið veitir þjónustu um allt starfssvæði sitt.

Mönnuð starfsstöð og fullbúin er rekin í Menntasetrinu á Þórshöfn. Setrið var upphaflega samstarfsverkefni Langanesbyggðar, Þekkingarnetsins og Framhaldsskólans á Laugum en hefur verið rekið frá árinu 2020 af tveimur fyrrtöldu aðilunum. Þekkingarnetið var árinu 2021 með einn starfsmann í Menntasetrinu á Þórshöfn. Viðræður hafa staðið yfir á árinu 2021 um þróun og eflingu starfsstöðvarinnar á Þórshöfn.

Þá á Þekkingarnetið aðild að rekstri þekkingarseturs í verkefninu “Seiglu” á Laugum í Reykjadal í samstarfi við Þingeyjarsveit. Einnig er boðin þjónusta á Kópaskeri og Raufarhöfn sem lýst er nánar í töflunni fremst í þessum kafla.

Í Mývatnssveit er mönnuð starfsstöð. Þar hefur Þekkingarnetið aðstöðu í Mikley, þekkingarsetri og deilir kaffiaðstöðu og fundarherbergi með starfsmönnum Skútustaðahrepps. Námsmenn á svæðinu hafa sólarhringsaðgang að námsverinu og hafa verið duglegir að nýta sér aðstöðuna. Í Mikley hefur fólk einnig þegið að nýta sér skrifstofuaðstöðu tímabundið, hvort sem er í tímabundin verkefni eða vinnu á staðnum hluta í hverjum mánuði.

Framtíðarhúsnæði Þekkingarnetsins

Þekkingarnet Þingeyinga vinnur markvisst að eflingu starfseminnar víða um starfssvæði sitt. Undanfarið ár hefur stofnunin unnið að þróun nýrrar gerðar þekkingarseturs á Húsavík. Um er að ræða vinnustað/setur af nýrri gerð með starfsstöðvum fyrir 25-30 manns á sviði fræðslu, þróunar, rannsókna og stoðkerfis atvinnulífs. Töluverð vinna hefur farið í það á árinu að finna þessu nýja setri húsnæði þar sem samningaviðræður um framtíðarhúsnæði tóku óvæntan endi í upphafi árs. Var þá ákveðið að leita til Arkitektastofunnar AP Studio um að kortleggja alla mögulega byggingareiti og kosti fyrir starfsemina á Húsavík. Útkoman varð 14 möguleikar sem velja þurfti úr og kanna fýsileika hvers og eins. Niðurstaða þeirrar vinnu varð sú að besta staðsetning húsnæðisins væri að Hafnarstétt 1-3. Það var því mikil lukka fyrir verkefnið þegar Langanes ehf. lýsti yfir áhuga á samstarfi um uppbyggingu sem hentaði starfseminni. Félagið, sem er eigandi Hafnarstéttar 3, keypti Hafnarstétt 1 í ágúst 2021. Framkvæmdir hófust í september sama ár og áætluð verklok eru í maí 2022. Að loknum framkvæmdum verður húsnæðið alls um 1.000m² og mun í upphafi hýsa 10 stofnanir sem tengjast nýsköpun, rannsóknum, fræðslu eða stoðkerfi atvinnulífsins á einn eða annan hátt. Þekkingarnetið skrifaði undir langtíma-leigusamning við húseiganda í september 2021.

Lesi má meira um húsnæði þekkingar og atvinnulífs á Húsavík í [stöðuskýrslu Hraðsins nýsköpunarseturs](#).



Hafnarstétt 1- 3 á Húsavík. Teikning: AP Studio



Hafnarstétt 1- 3 á Húsavík.



Undirskrift leigusamnings 27. sept 2021

HRAÐIÐ NÝSKÖPUNARMÍÐSTÖÐ

Undanfarin misseri hefur verið unnið að því að koma Hraðinu nýsköpunarmiðstöð á laggirnar. Á árinu 2021 tókst loks að ganga frá stofnfjármögnun í gegnum samning við Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið og C1 sjóð stefnumótandi byggðaáætlunar. Eins og fram hefur komið fyrir í þessari skýrslu var einnig gengið frá langtímaleigusamningi við Langanes ehf sem hefur unnið að uppbyggingu framtíðarhúsnæðis Þekkingarnetsins.

Hraðið nýsköpunarmiðstöð (e. Húsavík Innovation Center) er rekið a.m.k. fyrst um sinn sem svið eða deild undir Þekkingarneti Þingeyinga. Um er að ræða fullbúið frumkvöðlasetur með fyrsta flokks vinnuaðstöðu af margvíslegu tagi fyrir frumkvöðla, fólk og fyrirtæki í nýsköpunartengdum störfum. FabLab Húsavík fellur undir rekstur Hraðsins og fór uppbygging þess að mestu leyti fram á síðari hluta árs 2021. Árið 2022 hefst útleiga vinnurýma og var við árslok þegar orðin þó nokkur eftirspurn meðal fyrirtækja, stofnana og frumkvöðla eftir aðstöðu. Stefán Pétur Sólveigarson var ráðinn verkefnisstjóri fyrir Hraðið í júní 2021 og leiddi uppbyggingarstarf þess ásamt stjórnendum ÞP á árinu jafnframt því að koma á laggirnar fullbúinni FabLab tæknismiðju.



Stefán Pétur Sólveigarson

SÍMENNTUNARSVIÐ

Símenntun: Helstu tölur


Markmið símenntunarsviðs	Áætlun 2021	Niðurstaða 2021	Áætlun 2022
Fjöldi almennra námskeiða á svæði ÞÞ	70	63	70
Fjöldi námsleiða (námsleiðir FA)	4	8	8
Fjöldi kenndra stunda	2.200	1.777	2.200
Fjöldi kenndra nemendastunda	25.000	24.274	25.000
Þátttakendur	1.000	715	1.000

Áherslur í námi

Áherslur ársins 2021 voru svipaðar og á árinu áður. Lögð var áhersla á að kenna námsleiðir Fræðslumiðstöðvarinnar (FA) innan þess fjárhagsramma sem fyrir liggur. Einnig var lögð áhersla á stutt námskeið og fyrirlestra með það að markmiði að reyna að höfða til nýrra viðskiptavina, fólks sem að öllu jöfnu nýtir sér ekki þjónustu Þekkingarnetsins. Jákvæða breytingin frá árinu áður var sú að nú gátum við aftur haldið fleiri námskeið í staðnámi. Vel tókst til og aðsókn á þau námskeið sem boðið var upp á var góð. Eins og áður var tekin ákvörðun um að halda afar fámenn námskeið, þrátt fyrir að þau bæru sig ekki fjárhagslega, sérstaklega í minni byggðarlögum svæðisins eins og Kópaskeri, Raufarhöfn og Mývatnssveit. Þekkingarnetið lítur á það sem eitt af markmiðum sínum að halda námsvirkni í dreifðum byggðum þar sem aðrir angar menntakerfisins ná síður.


Stuðst er við óformlega greiningu á námsþörfum íbúa á starfssvæði Þekkingarnetsins þegar námskeið og námsleiðir eru ákveðnar. Upplýsingar koma úr viðtölum náms- og starfsráðgjafa, samtölum við íbúa og niðurstöðum úr námskeiðsmati. Auk þess eru íbúar alltaf að verða duglegri við að óska eftir námskeiðum eða koma með ábendingar um námskeið sem væri áhugavert að halda á svæðinu. Mikil fjölbreytni var í boði þegar kom að smánámskeiðunum þar sem vinsælustu námskeiðin voru þau sem snéru að heilsu og líkamsrækt. Úrbeiningarnámskeið, hundapjálfun, leirlist og moltugerð voru einnig mjög vinsæl á árinu.

Árið 2021 féllu flest námskeiðin sem haldin voru undir fyrirtækjafræðslu og tómstundanámskeið. Íslenskunámskeið fyrir útlendinga voru auk þess mjög vinsæl á árinu enda hefur hlutfall íbúa af erlendum uppruna aukist mjög á svæðinu og er nú nokkuð yfir landsmeðaltali. Hér má sjá skiptingu námskeiða hjá Þekkingarnetinu árið 2021. Eins og sjá má eru flest námskeiðin sem haldin voru árið 2021 fyrirtækjafræðsla en þar á eftir koma tómstundanámskeið.




Skipting námskeiða 2021

Ef skoðaðar eru kenndar stundir og skipting nemendastunda eftir námskeiðum má sjá að flestar þeirra falla undir vottaðar námsleiðir FA. Þar næst koma íslenskunámskeið fyrir útlendinga.



Skipting nemendastunda eftir námskeiðum 2021



Skipting kenndra stunda eftir námskeiðum 2021

Námsleiðir FA

Á árinu 2021 var eftirfarandi námsleið Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins kennd hjá ÞP.

- Stuðningsfulltrúi/Leikskólaliði – brú er tveggja ára brúarleið samkvæmt námskrá framhaldsskóla kennd hjá símenntunarmiðstöðvum. Námsleiðin hófst á haustönn 2020 og lýkur á vorönn 2022. Tuttugu og þrír nemendur hófu nám á námsleiðinni og því fer kennslan fram í tveimur hópum. Kennsla fer að mestu fram í fjarnámi á kennsluvef Innu en kennarar hitta nemendur einnig í staðlotum sem fram fara á Húsavík.

Þekkingarnet Þingeyinga hefur á undanförunum árum sinnt fræðsluþjónustu við fyrirtæki og stofnanir í verkefni sem kallast Fræðslustjóri að láni. Ráðgjafar ÞP hafa þá haft samráð við stjórnendur og lagt fræðslugreiningar fyrir starfsmenn til að greina fræðsluþarfir starfsmannanna persónulega sem og fyrirtækisins. Eftir að unnið hefur verið úr fræðslugreiningunum er gerð fræðsluáætlun. Slík verkefni standa að öllu jöfnu yfir í lengri tíma eða allt að fjórum árum frá því greiningin fer fram og þar til síðasta námskeið fræðsluáætlunar lýkur.



Frá útskrift félagsliða hjá ÞP vorið 2021

Námsleiðir FA í samstarfi við Vinnumálastofnun

Mikið og gott samstarf var við Vinnumálastofnun á árinu þar sem atvinnuleitendum bauðst að nýta sér þjónustu ÞP. Það er einstaklingsbundið hverju sinni eftir hverju hver og einn leitast, en náms- og starfsráðgjöf, raunfærnimat og námsleiðir hafa staðið atvinnuleitendum til boða á árinu sem og önnur námskeið.

Þær námsleiðir sem kenndar voru á árinu í samstarfi við Vinnumálastofnun voru *Sterkari starfsmaður* sem kennd var á vorönn og *Uppléið - nám í hugrænni atferlismeðferð*.

Námsleiðirnar *Sterkari starfskraftur* og *Íslensk menning og samfélag* voru kenndar á haustönn. Samstarfið við Vinnumálastofnun gekk vel og á döfinni er að halda fleiri námskeið sem verða kennd í samstarfi við Vinnumálastofnun árið 2022.

Á undanförunum árum hefur starfsfólk Þekkingarnetsins tekið þátt í stóru fræðsluverkefni með Farskólanum á Norðurlandi vestra og SÍMEY þar sem símenntunarmiðstöðvarnar þrjár hafa unnið sem ein heild í samstarfi við Heilbrigðisstofnun Norðurlands. Byrjað var á að greina fræðsluþarfir starfsmanna og í kjölfarið var útbúin þriggja ára fræðsluáætlun. Árið 2021 var sjötta árið þar sem kennt var samkvæmt fræðsluáætlun. Þátttaka starfsmanna hefur verið góð og fræðsluáætlunin mikilvægur liður í innleiðingu nýrra starfshátta og verkfæra. Á árinu 2021 hófust einnig tvö önnur stór fræðsluþjónustu verkefni sem ÞP stýrir. Sveitarfélögin Norðurþing, Langanesbyggð, Þingeyjarsveit og Skútustaðahreppur gerðu samning við fræðslusjóðinn Sveitamennt um verkefnið Fræðslustjóri að láni fyrir grunn- og leikskóla sveitarfélaganna. Allir grunn- og leikskólar sveitarfélaganna taka þátt eða alls 12 skólar og um 125 starfsmenn. Einnig var gerð fræðslugreining hjá PCC Bakka Silicon þar sem starfa um 150 starfsmenn og gerður var samningur við Landsmennt um að fjármagna það verkefni.



Heiðrún Óladóttir við kennslu hjá Þekkingarnetinu í október 2021

Þróunarvinna, gæðamál

Náið samstarf er á símenntunarsviði milli fræðslumiðstöðva, bæði í gegnum samtök símenntunarstöðva, Kvasi, og eins milli einstakra miðstöðva. Þekkingarnetið hefur verið virkt í slíku samstarfi á símenntunarsviði.

Á háskólanáms- og rannsóknasviðum ÞP er samstarf töluvert við önnur setur og stofnanir á þeim sviðum. Starfsemi stofnana á rannsókn- og háskólanámssviði er þó með nokkuð ólíkum hætti um landið. Nýlega voru stofnuð samtök þessara þekkingarsetra um landið, undir heitinu Samtök Þekkingarsetra. Samtökum Þekkingarsetra er ætlað að vera málsvári þessara stofnana og gæta sameiginlegra hagsmuna þeirra. Töluverð og vaxandi samvinna er á milli einstakra þekkingarsetra, og hefur Þekkingarnetið undanfarin ár unnið rannsóknaverkefni með öðrum setrum.

Á haustmánuðum skipuðu Samtök þekkingarsetra þriggja manna gæðanefnd til að vinna gæðastefnu fyrir samtökin til innleiðingar í starf þekkingarsetrana. Þekkingarnetið átti fulltrúa í gæðanefndinni. Undir lok árs hafði nefndin um það bil lokið sínum verkefnum, með gæðastefnu, gæðaviðmiðum og gæðamati sem þá áttu eftir að fara í umræðu innan stjórnar og forstöðumanna þekkingarsetrana sem eru innan Samtaka þekkingarsetra.

Á símenntunarsviðinu er í gildi frá árinu 2020 gæðavottun gæðavottunarkerfisins EQM+. Vottunin gildir til ársins 2023. Þessi gæðavinna byggir á þróunarvinnu í símenntunargeiranum á Íslandi, en Þekkingarnetið hefur frá árinu 2012 verið með vottað gæðakerfi á símenntunarsviði, þ.e. EQM-gæðakerfið (European Quality Mark) sem Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) heldur utan um. Gæðavottunin, sem tekið hefur breytingum og heitir nú EQM+, nær til fræðslu, náms- og starfsráðgjafar og raunfærnimats. Í kjölfar upphaflegu vottunarinnar árið 2012 fékk stofnunin viðurkenningu sem fræðsluaðili samkvæmt lögum um framhaldsfræðslu frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Á árinu 2021 var sótt um endurnýjun á viðurkenningu fræðsluaðila til Menntamálastofnunar, m.a. á grunni þessarar gæðavottunar.




NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF

Ráðgjöf: Helstu tölur

Fjöldamarkmið í náms- og starfsráðgjöf	Áætlun 2021	Niðurstaða 2020	Áætlun 2022
Fjöldi náms- og starfsráðgjafarviðtala	520	448	530

Boðið hefur verið upp á náms- og starfsráðgjöf hjá Þekkingarneti Þingeyinga síðan 2006. Guðrún Helga Ágústsdóttir, náms- og starfsráðgjafi, hefur umsjón með ráðgjöfinni og sinnir henni að mestu leyti. Árið 2021 var fjöldi náms- og starfsráðgjafarviðtala 448. Alls komu 319 í fyrsta viðtal og 129 komu í endurkomuviðtöl. Fjöldi viðtala var töluvert hærri 2021 en árið áður en þá voru tekin 347 viðtöl. Ástæður viðtala voru mismunandi eins og gengur og gerist. Flestir komu að eigin frumkvæði eða 81%, 7% komu í viðtal eftir tilvísun frá Virk endurhæfingarsjóði og 7% voru boðaðir í viðtal vegna Vinnumálastofnunar. Aðrar ástæður s.s. færnimöppugerð, stuðningur í matssamtali og skimun og eftirfylgni í raunfærnimat voru samtals 5,6%. Sjá nánar hér á mynd:



Ástæða viðtala 2021

Kynningar á vinnustöðum

Kynningar á vinnustöðum hafa verið ein þeirra leiða sem hafa virkað hvað best síðustu ár til að ná til markhópsins á vinnumarkaði. Í gegnum tíðina hafa kynningar verið með formlegu sniði þar sem oftast hefur verið haft samband við fyrirtæki með kynningarbréfi en það hefur aðeins dregið úr því. Undanfarin ár hafa formlegheitin verið minni og þar sem við vorum í auknum mæli farin að mæta á staðina og töluðum þar við yfirmenn og fengum að spjalla við starfsfólk. Í framhaldi af kynningum hafa margir óskað eftir viðtali strax og hafa stjórnendur lánað okkur skrifstofu eða rólegan stað til að bjóða upp á viðtöl í fyrirtækjum. Algengara hefur þó verið að pantaður sé tími hjá ráðgjafa á skrifstofu Þekkingarnetsins. Þessi leið hefur virkað vel fyrir Þekkingarnetið og höfum við því talsvert þurft að breyta okkar vinnulagi varðandi kynningar á vinnustöðum síðustu tvö ár vegna covid-19 og þeim samkomutakmörkunum sem hafa verið í gildi að einhverju leyti síðustu tvö ár. Það voru ekki eins margar kynningar á vinnustöðum árið 2021 eins og áður hefur verið og skýrist það að einhverju leyti vegna heimsfaraldursins. Það horfir þó til betri tíma í þeim efnum og vonast er eftir að hægt verði að fara í margar kynningar á vinnustöðum árið 2022.

Mikil áhersla hefur verið lögð á að kynna náms- og starfsráðgjöfina þegar námsleiðir eru kynntar úti á vinnumarkaðnum. Sú leið hefur verið áhrifarík og hafa einstaklingar sótt í viðtöl og/eða á námsleiðir eftir slíkar kynningar.

Ráðgjöf

Ráðgjöfinni var sinnt víða um svæðið þar sem við leggjum áherslu á að fólk geti sótt náms- og starfsráðgjöf sem næst heimili sínu en vegna Covid-19 var meira um fjarviðtöl í gegnum tölvu og ráðgjöf hefur að miklu leyti farið fram rafrænt á þessu ári en 52% viðtala voru rafræn viðtöl þar sem einstaklingar nota þá síma, tölvu eða spjaldtölvu til að tengjast rafrænt fyrir viðtalið.



Guðrún Helga Ágústsdóttir er náms- og starfsráðgjafi hjá ÞÞ

Ýmsar leiðir hafa verið notaðar til að ná til notenda og heilt yfir hefur gengið vel að ná til einstaklinga, fyrirtækja og stofnana. Mest var um skipulagðar heimsóknir. Lögð var áhersla á sýnileika á samfélagsmiðlum, reglulega voru send út fréttabréf og auglýsingar til að ná með sem fjölbreyttustum máta til markhópsins. Það er þó alltaf gott að geta farið út og heimsótt vinnustaði til þess að auka sýnileika Þekkingarnetsins og þegar upp er staðið hefur það alltaf gefið hvað besta raun við að ná til notenda.

Við ráðgjöf á vegum ÞP hefur verið lögð mikil áhersla á að hafa feril ráðgjafarinnar sem þægilegastan fyrir notendur og áhersla hefur verið lögð á að hafa sem best aðgengi að þjónustunni. Einstaklingar geta leitað til stofnunarinnar í gegnum heimasíðu Þekkingarnetsins, á facebook, á instagram og í gegnum tölvupóst. Einnig er hægt að hringja og freista þess að koma fyrirvaralaust þó ekki sé stórt hlutfall ráðþega sem koma með þeim hætti inn í þjónustuna. Fyrirspurnum og tölvupóstum er reynt að svara sem fyrst og helst samdægurs sé þess kostur. Samstarf hefur verið við ráðgjöfina við ýmsar stofnanir á árinu og má þar t.d. nefna Vinnumálastofnun og Virk. Samstarf við stofnanirnar hefur gengið mjög vel og er sífellt reynt að þróa ný námskeið sem geta nýst einstaklingum sem koma frá Virk eða Vinnumálastofnun sem og almenningi.

Samvinnan við Vinnumálastofnun hefur gengið vel og er mikil virkni í vinnu með atvinnuleitendum hvort sem þeir koma í þjónustuna í gegnum Vinnumálastofnun eða með öðrum leiðum. Nokkrar námsleiðir hafa verið í boði sem og námskeið sem geta nýst atvinnuleitendum. Ráðgjöfin með atvinnuleitendum er alltaf einstaklingsmiðuð en áhersla er lögð á það að vera með góðar leiðbeiningar og gagnleg ráð varðandi ferilskrá, kynningarbréf, starfsumsóknir og starfsviðtöl fyrir þá sem óska eftir því.

Á árinu var framkvæmd þjónustukönnun í náms- og starfsráðgjöf á vegum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og var framkvæmd um land allt. Könnunin var send til notenda sem höfðu nýtt sér náms- og starfsráðgjöf hjá Þekkingarnetinu síðustu tvö ár. Niðurstöður fyrir Þekkingarnetið komu mjög vel út. Ráðgjöfin nýttist einstaklingum vel og voru ráðþegar ánægðir með þá þjónustu sem þeir fengu frá náms- og starfsráðgjafa. Einnig sögðu þeir upplýsingar sem þeir fengu hafa nýst þeim vel.

Raunfærnimat

Síðustu ár hefur aukist framboð til raunfærnimats aukist hjá Þekkingarnetinu. Á síðasta ári voru þrjú raunfærnimatsverkefni sem gengu vel. Það var raunfærnimat í almennri starfshæfni og í þjónustugreinum þ.e. raunfærnimat til félagsliða, leikskólaliða og stuðningsfulltrúa. Verkefnin gengu vel og á næsta ári verður áfram boðið upp á raunfærnimat fyrir einstaklinga.

HÁSKÓLANÁMSSVIÐ

Háskólaþjónusta: Helstu markmið

	Markmið 2021	Náðist markmið?	Skýringar	Markmið 2022
Námsver - þjónusta og aðstaða	Háskólanámsver á Húsavík verði rekið með sama hætti og sömu þjónustu og verið hefur. Sólarhringsaðgengi að námsaðstöðu og góð vinnuaðstaða.	Já	Rekstur var eins. Sólarhringsaðgangur, tæknaaðstoð, ráðgjöf, prentun, ljósritun o.fl.	Háskólanámsver á Húsavík verði rekið í nýju húsnæði að Hafnarstétt 1-3. Þar verði hefðbundið námsver með lesbásam og aðgengi að prentara, ljósritara og skanna. Einnig verði boðið upp á lesaðstöðu í sameiginlegu rými þar sem setið er við vinnustöð í kaffirými hússins í nýrri tengilyggingu. Þar verði auk þess hægt að vinna einn eða í hópum í þægilegum sófahornum á nokkrum stöðum um húsnæðið. Eins og áður verði í boði náms- og starfsráðgjöf auk tæknaaðstoðar.
	Starfsemi Menntasetursins á Þórshöfn verði með sama hætti og sömu þjónustu og verið hefur. Sólarhringsaðgengi að námsaðstöðu og góð vinnuaðstaða. Unnið verði með hlutaðeigandi að nýjum leiðum við þjónustu við framhaldsskólanema á Þórshöfn og nærsvæði.	Já	Sólarhringsaðgangur, tæknaaðstoð, ráðgjöf, prentun, ljósritun o.fl. Starfsmaður í 60% starfshlutfalli. Enginn nemandi var við nám í framhaldsdeild FL á árinu.	Starfsemi Menntasetursins á Þórshöfn verði með sama hætti og sömu þjónustu og verið hefur. Sólarhringsaðgengi að námsaðstöðu og góð vinnuaðstaða. Á árinu verði unnið að undirbúningi þess að flytja starfsemi Menntasetursins í nýtt húsnæði að Fjarðavegi 5 í samstarfi við Langanesbyggð. Auk þess verði unnið með hlutaðeigandi að nýjum leiðum við þjónustu við framhaldsskólanema á Þórshöfn og nærsvæði.
	Starfsemi námsversins í Mikley verði með sama hætti og sömu þjónustu og verið hefur. Sólarhringsaðgengi að námsaðstöðu og góð vinnuaðstaða.	Já	Sólarhringsaðgengi og starfsmaður í 60% starfshlutfalli á staðnum.	Starfsemi námsversins í Mikley verði með sama hætti og sömu þjónustu og verið hefur. Sólarhringsaðgengi að námsaðstöðu og góð vinnuaðstaða. Unnið verði áfram að nýjum húsnæðismöguleikum í Hótel Gíg á árinu.
	Starfsemi og þjónusta á Raufarhöfn verði með sama hætti og sömu þjónustu og verið hefur. Reynt að auka framboð smærri námskeiða og náms- og starfsráðgjöf.	Já	Þjónusta og aðstaða til staðar og óbreytt. Fjarfunda- og lesaðstaða fyrir námsmenn. Eftirspurn lítil á árinu og framboð að sama skapi.	Starfsemi og þjónusta á Raufarhöfn verði með sama hætti og sömu þjónustu og verið hefur. Reynt að auka framboð smærri námskeiða og náms- og starfsráðgjöf.

	Markmið 2021	Náðist markmið?	Skýringar	Markmið 2022
Námsver - þjónusta og aðstaða	Starfsemi og þjónusta á Kópaskeri verði með sama hætti og sömu þjónustu og verið hefur. Reynt að auka framboð smærri námskeiða og náms- og starfsráðgjöf.	Já	Þjónusta og aðstaða til staðar og óbreytt. Fjarfunda- og lesaðstaða fyrir námsmenn. Framboð námskeiða	Starfsemi og þjónusta á Kópaskeri verði með sama hætti og sömu þjónustu og verið hefur. Reynt að auka framboð smærri námskeiða og náms- og starfsráðgjöf.
	Starfsemi og þjónusta á Laugum rekin með sama hætti og sömu þjónustu.	Já	Aðstaða er til staðar í Seiglu en lítil eftirspurn á árinu	Starfsemi og þjónusta á Laugum rekin með sama hætti og sömu þjónustu.
	Aðstaða í Kiðagili, Bárðardal verði með sama hætti og áður. Aðstaðan býður upp á próftöku og námskeiðshald.	Já	Aðstaða er til staðar en lítil eftirspurn á árinu	Ákveðið verði í samráði við Þingeyjarsveit hvort og hvernig námsþjónusta verði háttáð í Kiðgili.
Námsráðgjöf	Kynna þjónustu og fjarnámsmöguleika í gegnum formlega og óformlega námsráðgjöf. Horfa sérstaklega til fullorðinna á vinnumarkaði t.a.m. með raunfærnimati.	Já	Náms- og starfsráðgjöf var nokkuð umfangsmikil árið 2021. Vegna samkomutakmarkana var boðið upp á fjarviðtöl í ráðgjöfinni sem gekk vel.	Kynna þjónustu og fjarnámsmöguleika í gegnum formlega og óformlega náms- og starfsráðgjöf. Horfa sérstaklega til fullorðinna á vinnumarkaði t.a.m. með raunfærnimati. Þjóða áfram upp á fjarþjónustu í náms- og starfsráðgjöf.
Fjarpróf	Fjarpróf verði boðin með fullri þjónustu, án gjaldtöku, á öllum þjónustustöðum ÞÞ, eftir óskum skóla og nemenda.	Já	Fjarprófþjónusta var í boði fyrir skóla á öllum þjónustustöðum ÞÞ. Nokkur fjölgun var á milli ára.	Fjarpróf verði boðin með fullri þjónustu, án gjaldtöku, á öllum þjónustustöðum ÞÞ, eftir óskum skóla og nemenda.
Háskólanám	Auka samstarf á faglegum og hagnýtum nótum við önnur þekkingarsetur. Stefna að því að formgera samstarf við önnur háskólanámssetur/ þekkingarsetur.	Já	Virkt samstarf var við önnur þekkingarsetur í gegnum Samtök þekkingarsetra. Ekki var þó gengið frá formlegum samstarfs-samningum á árinu.	Auka samstarf á faglegum og hagnýtum nótum við önnur þekkingarsetur. Stefna að því að formgera samstarf við önnur háskólanámssetur/ þekkingarsetur.
Fjarfundabúnaður	Áframhald þróunarverkefna um fjarfundanotkun og fjarvinnustöðvar í héraðinu. Áfram unnið að samstarfi um bætt vinnulag fjarfunda innan og milli stofnana og sveitarfélaga.	Að hluta	Nokkuð var um að fyrirtæki nýttu sér aðstöðu ÞÞ til fjarfunda á árinu. Ekki var þó unnið formlega að bættu vinnulagi fjarfunda milli stofnana og sveitarfélaga á árinu.	Áframhald þróunarverkefna um fjarfundanotkun og fjarvinnustöðvar í héraðinu. Unnið að samstarfi um bætt vinnulag fjarfunda innan og milli stofnana og sveitarfélaga.

Námsver og þjónusta

Þekkingarnet Þingeyinga sinnir allri þjónustu við fjarnema háskóla og eftir atvikum annarra skóla á starfssvæði sínu. Þannig er vinnuaðstaða háskólanema orðin meðal sjálfsgæðra innviða hins íslenska skólakerfis, þar sem allir háskólar og fjarnámsskólar aðrir samnýta aðstöðuna fyrir sitt fólk. Á árinu 2021 bauð Þekkingarnetið vinnuaðstöðu fyrir námsmenn með mannaðri þjónustu á dagvinnutíma og aðgengi allan sólarhringinn á Húsavík, Þórshöfn og í Mývatnssveit. Á Kópaskeri, Raufarhöfn og á Laugum er þjónusta fyrir námsmenn í boði til fjarprófahalds og fjarfunda og vinnuaðstaða með samkomulagi hverju sinni. Framhaldsdeild Framhaldsskólans á Laugum var ekki starfrækt árið 2021 í Menntasetrinu á Þórshöfn og mun Þekkingarnetið leitast við að eiga samstarf um viðbrögð við þeirri stöðu á árinu 2022.

Sem fyrr hafa háskólanámsverin og -þjónustan reynst afar mikilvægir þættir í starfsemi Þekkingarnetsins í samfélaginu. Samneyti starfsmanna Þekkingarnetsins við námsfólk í fjarnámi hefur reynst báðum aðilum afar ánægjulegt og farsælt fyrirkomulag. Námsverið í Þekkingarsetrinu á Húsavík er mikið notað af háskólanemum. Regluleg notkun er á dagvinnutíma þar sem fjarnemar stunda sitt nám, með fjarfundasókn og netkeyrðu námi, og eins er mikið um nýtingu lesaðstöðu um kvöld og helgar.


Undanfarin misseri hefur einnig borið meira á því að yngri háskólanemar komi til dvalar um nokkurra vikna skeið í foreldrahúsum og nýti aðstöðu námsveranna til vinnu. Þetta er helst í kringum prófatímabilin í nóvember/desember og apríl/maí ár hvert og hefur þessi þróun valdið jákvæðni í samfélaginu, þar sem ávinningur er margþættur af því að lengja dvalartíma ungs námsfólks í sinni heimabyggð. Líkt og síðustu ár hefur náms- og starfsráðgjöf staðið háskólanemum til boða. Árið 2021 var þó aðeins breyting á ráðgjöfinni vegna Covid-19 og samkomutakmarkana þar sem var í auknum mæli farið að bjóða upp á fjarviðtöl í ráðgjöfinni. Viðtölin fóru þá fram á zoom eða teams. Það voru margir háskólanemar sem nýttu sér það, þá sérstaklega þegar námsverin voru lokuð vegna samkomutakmarkana.



Fjarpróf

Þekkingarnetið tekur að sér framkvæmd og yfirsetu fjarprófa fyrir alla skóla og nema sem þess óska innan starfssvæðis Þekkingarnetsins. Ekki er tekið gjald fyrir þá umsýslu. Alls voru tekin 209 fjarpróf á fjórum stöðum í héraðinu frá alls 9 skólum á vegum Þekkingarnetsins árið 2021. Er það fjölgun úr 130 prófum árið áður. Þá er ljóst að mikil aukning varð á árinu 2021 á fjarprófum sem tekin voru innan veggja Þekkingarnetsins, en útheimtu ekki formlega yfirsetu. Þetta prófahald var afleiðing af viðbrögðum háskólanna við fjöldatakmörkunum. Ófært er að halda utan um fjölda þessara heimaprófa, en ljóst er að nýting háskólanema á þjónustu og aðstöðu í háskólanámsverum var síst minni á liðnu ári en þegar mest hefur verið yfirseta hefðbundinna prófa.

Þekkingarnetið vinnur eftir eigin prófreglum sem stofnunin hefur sett sér og birt á heimasíðu sinni: <http://www.hac.is/haskolanam/profreglur/>. Þessar reglur eru byggðar á venjum og reglum háskólanna og voru þær bornar undir prófstjóra Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri áður en þær voru staðfestar með formlegum hætti af stjórn stofnunarinnar. Ennfremur var tekin sú ákvörðun að bjóða fjarprófaþjónustu á grunni þessara prófreglna á öllum þjónustustöðum Þekkingarnetsins. Ef ekki kemur til ákvörðun samstarfsskólanna um að takmarka sína þjónustu er því fjarprófahald í boði á sjö stöðum í héraðinu.



Fjöldi fjarprófa á vegum Þekkingarnetsins árið 2021

RANNSÓKNASVIÐ

Rannsóknir: Helstu markmið

	Markmið 2021	Náðist markmið?	Skýringar	Markmið 2022
Starfsmannahald	Aukin áhersla verði lögð á þróunarverkefni í samstarfi við atvinnulífið og sveitarfélög á svæðinu. Leitað leiða til að nýta hagnýtar svæðisbundnar rannsóknir í þágu nærsamfélagsins.	Já	Vel tókst til að nýta mannafla í teymisvinnu þar sem starfsmenn sinntu bæði símenntunar- og rannsóknasviði. Aukning hefur orðið í útseldum verkefnum til sveitarfélaga og svæðissamtaka á árinu	Áfram verði lögð áhersla á þróunarverkefni í samstarfi við atvinnulífið og sveitarfélög á svæðinu. Verkferlum og gæðastefnu viðhaldið og uppfært eftir þörfum. Sumarnemum sem og öðru starfsfólki komið vel inn í þessa ferla
Rannsóknaverkefni háskólanema	Staðið verði fyrir 2-4 tímabundnum rannsóknaverkefnum í samstarfi við háskólanema.	Já	ÞÞ átti gott samstarf við VMST og sveitarfélögin á starfssvæðinu og hafði umsjón með verkefnum 11 háskólanema sumarið 2021.	Áhersla verður lögð á að ráða sumarnema í tímabundin rannsóknarverkefni í samstarfi við VMST og sveitarfélög og stofnanir á svæðinu. Aðstaða er fyrir allt að 20 nema á starfsstöðvum Þekkingarnetsins.
Innlend rannsókn-/ráðgjafaverkefni	Seld verði þjónustuverkefni við upplýsingaöflun og rannsóknir eftir því sem kostur er innan héraðs. Áhersla á sveitarfélög og fyrirtæki í héraðinu. Stefnt að áframhaldandi samningum um Sjálfbærni-verkefni Landsvirkjunar og að sú vinna verði umfangsmeiri. Sérstök áhersla verður á að sækja um rannsóknarstyrki í innlenda sjóði. Aukin áhersla verði lögð á kynningu niðurstaðna rannsókn- og þróunarverkefna, m.a. með þátttöku í ráðstefnum.	Já	Samningur við Landsvirkjun um vinnu við Sjálfbærni-verkefnið hélt áfram og vinna við verkefnið var nokkuð stöðug allt árið. Samstarf var við Skútustaða-hrepp um mælingar á hamingju og líðan íbúa. Árleg skýrsla um mannfjöldapróun var gefin út. Einnig skýrsla um skipulag og starfsemi þekkingarstofnana á dreifbýlum svæðum og þróun þeirra í kjölfar fjórðu iðnbyltingarinnar. Sérstök verkefni var auk þess unnið um áhrif fjórðu iðnbyltingarinnar á byggðapróun á Íslandi, með áherslu á stoðkerfi og innviði byggðanna. Einnig voru nokkur minni verkefni innan héraðs leyst af hendi.	Seld verði þjónustuverkefni við upplýsingaöflun og rannsóknir eftir því sem kostur er innan héraðs. Áhersla á sveitarfélög og fyrirtæki í héraðinu. Stefnt að áframhaldandi samningum um Sjálfbærni-verkefni Landsvirkjunar og að sú vinna verði umfangsmeiri. Sérstök áhersla verður á að sækja um rannsóknarstyrki í innlenda sjóði. Aukin áhersla verði lögð á kynningu niðurstaðna rannsókn- og þróunarverkefna, m.a. með þátttöku í ráðstefnum.

Erlend verkefni

Lögð verði áhersla á erlend samstarfsverkefni, enda víkki þau bæði starfssvið og sjóndeildarhring starfsmanna. Verkefni og afurðir Evrópusamstarfs verði svo notuð í meira mæli til fræðslu og uppbyggingar á starfssvæði ÞÞ.

Já

Evrópuverkefni Þekkingarnetsins voru alls fjögur talsins á árinu. Að auki bættist við Nám og þjálfun KA1 sem styrkt er af Erasmus+ og NORA verkefni þar sem Þekkingarnetið sér bæði um formlega og óformlega fræðslu. Meginfókus flestra verkefnanna eru í samræmi við stefnu og starfsemi Þekkingarnetsins. Er þar m.a. um að ræða þróun kennsluefnis í tæknilæsi fyrir eldri borgara og kennslu í stafrænni hæfni og færni samfélaga á landsbyggðinni. Einnig sjálfbærni í frumkvöðlastarfi og varðveislu óáþreifanlegs menningararfs í frumkvöðlastarfi.

Áfram verði lögð áhersla á erlend samstarfsverkefni, enda víkki þau bæði starfssvið og sjóndeildarhring starfsmanna. Verkefni og afurðir Evrópusamstarfs verði svo notuð í meira mæli til fræðslu og uppbyggingar á starfssvæði ÞÞ á árinu 2022. Haldin verði rafræn málþing og kynningar þessu tengt, m.a. á sviði frumkvöðlafærni og í tæknilæsi.

Samstarf / rannsóknir og þróun

Áhersla verði áfram lögð á uppbyggingu samstarfs innan þekkingarsamfélagsins í Þingeyjarsýslum. Unnið verði náið með húseigendum og framkvæmdaaðilum að hönnun nýs húsnæðis og skipulagningu þess í samstarfi við alla þá aðila sem verða hluti af verkefninu.

Hraðið - nýsköpunarmiðstöð, verði stofnað á Húsavík og opnað á síðari helmingi ársins. Ráðinn verði starfsmaður til verkefnisins fyrir mitt ár 2021.

Já

Unnið var markvisst að þessum þætti á árinu. Í Mývatnssveit fór fram undirbúningsvinna sem fól í sér að koma ÞÞ undir sama þak og gestastofa Vatnajökulsþjóðgarðs, Umhverfisstofnun, RAMÝ og Skútustaðahreppur í Hótel Gíg. Á Húsavík var nýsköpunarmiðstöðin og frumkvöðlasetrið Hraðið stofnað og nýtt og fullbúið FabLab opnaði í lok árs. Langanes ehf. keypti Hafnarstétt 1 og umfangsmiklar framkvæmdir áttu sér stað frá sept-des. Þekkingarnetið skrifaði undir langtíma leigusamning í september. Stefán Pétur Sólveigarson var ráðinn nýr verkefnisstjóri Hraðsins í júní.

Áhersla verði áfram lögð á uppbyggingu samstarfs innan þekkingarsamfélagsins í Þingeyjarsýslum. Hraðið verði miðstöð frumkvöðla og nýsköpunar og FabLab Húsavík setji upp skipulagða dagskrá fyrir skóla, atvinnulífið, frumkvöðla og almenning. Aukin áhersla verði lögð á þróunarverkefni í samstarfi við atvinnulífið og sveitarfélög á svæðinu. Leitað leiða til að nýta hagnýtar svæðisbundnar rannsóknir í þágu nærsamfélagsins.

	Markmið 2021	Náðist markmið?	Skýringar	Markmið 2022
Upplýsingasöfnun í héraðinu	Lögð áhersla á að taka saman og miðla hagnýtum upplýsingum um samfélags- og byggðapróun á starfssvæðinu. Þróa nýjar leiðir til að miðla/kynna - t.d. með útgáfu á knappara formi "Þingeyjarsýslur í tölum".	Já/að hluta	Árleg skýrsla um þróun mannfjöldans í Þingeyjarsýslum var gefin út. Einnig fór fram viðamikil upplýsingasöfnun í gegnum sjálfbærni-verkefnið. Þingeyjarsýslur í tölum var sumarverkefni námsmanns 2021.	Árlegri útgáfu á grunnupplýsingum um íbúa- og samfélagsþróun á starfssvæði ÞP verði haldið áfram. Ákveðnir þættir teknir til skoðunar sem samstillast við lýðfræðivísa í sjálfbærni-verkefni Landsvirkjunar.
Kynningamál	Lögð verði áhersla á aukna kynningu verkefna og niðurstaðna á ráðstefnum og með greinarskrifum. Þróa leiðir til að kynna og miðla á knappara formi (sbr. ofan).	Já/að hluta	Þau verkefni sem unnin voru á árinu voru kynnt eftir því sem kostur var. Evrópuverkefni voru kynnt á viðeigandi vettvangi sem og á heimasíðu ÞP. Þekkingarnetið stóð fyrir rafrænu málþingi í febrúar um rannsóknir í héraði. Sökum heimsfaraldurs var lítið um málþing og ráðstefnur og því minna um kynningar af hálfu Þekkingarnetsins en árið áður.	Lögð verði áfram áhersla á aukna kynningu verkefna og niðurstaðna á ráðstefnum og með greinarskrifum.

Rannsóknastarfsemin

Rannsókn- og þróunarstarfsemi Þekkingarnetsins felst í meginatriðum í eftirfarandi þáttum:

- Rannsóknþjónusta; þ.e. þjónusta, upplýsingagjöf og aðstaða fyrir rannsakendur á svæðinu.
- Eigin rannsóknaverkefni Þekkingarnetsins.
- Útseld rannsókn- og ráðgjafarvinna starfsfólks Þekkingarnetsins.
- Rannsóknaverkefni sem unnin eru í samstarfi við háskólanema.
- Ýmis þróunar- og rannsóknaverkefni í samstarfi við aðrar stofnanir.
- Þátttaka í faglegri umræðu innan og utan héraðs um þróun rannsókna og háskólastarfs.

Rannsóknþjónusta

Þekkingarnetið hefur það hlutverk samkvæmt skipulagsskrá og samningi við mennta- og menningarmálaráðuneytið að vera miðstöð rannsóknastarfs og rannsakenda í Þingeyjarsýslum.

Þekkingarnetið sinnir þessu hlutverki með ýmsum hætti. Til að mynda hýsir það rannsakendur og aðstoðar þá sem sinna rannsóknum á svæðinu. Er það gert með því að veita þeim aðgang að húsnæði, tækjum og netkerfi Þekkingarnetsins auk þess sem ráðgjöf er veitt með formlegum og óformlegum hætti við rannsóknastarf. Þessi rannsóknþjónusta er veitt ýmsum aðilum, eftirtöldum helst:

- Starfsfólki rannsóknastofnana,
- rannsakendum á vegum háskóla á Íslandi,
- námsfólki í rannsóknaverkefnum,
- sjálfstæðum rannsakendum (íslenskum og erlendum).

Eigin rannsóknaverkefni Þekkingarnetsins 2021

Þekkingarnetið hefur einnig ákveðnar skyldur til frumkvæðis að rannsókn- og þróunarstarfi í héraðinu. Þannig er leitast við að afla þekkingar á samfélagi eða umhverfi með rannsóknastarfi og þátttöku í ýmsum þróunarverkefnum. Helstu verkefni ársins 2021 voru eftirfarandi:

Mannfjöldaþróun í Þingeyjarsýslum

Líkt og fyrri ár kom út skýrsla um mannfjöldaþróun í Þingeyjarsýslum. Markmið verkefnisins er að fylgjast með byggðaþróun, hvernig íbúar í Þingeyjarsýslum skiptist niður á svæði, aldur og kyn. Tölur og útreikningar byggja á talnaefni frá Hagstofu Íslands og er miðað við þann mannfjölda sem mældur er 1. janúar ár hvert. Að þessu sinni náði skýrslan yfir árin 2012-2021 að auki var tekin fyrir aldurshópurinn 60-109 ára.

ÚTSELD RANNSÓKNA- OG RÁÐGJAFAVINNA

Sala á sérfræðivinnu var nokkuð mikil á árinu. Stærstur hlutinn tengdist Sjálfbærni-verkefninu á Norðausturlandi sem rekið er af Landsvirkjun en einnig var nokkuð um smærri verkefni sem Þekkingarnetið hafði aðkomu að.

Sjálfbærni-verkefnið á Norðausturlandi

Innan vöktunarverkefnisins Gaums er fylgst með þróun mála á sviði samfélags, umhverfis og efnahags á svæðinu frá Vaðlaheiði í vestri til og með Tjörneshreppi í austri. Þekkingarnetið fer með verkefnisstjórn en það felur í sér öflun gagna, úrvinnslu þeirra og að gera þau aðgengileg. Frá árinu 2019 hefur vefsíða verkefnisins www.gaumur.is verið opin en þar eru gögnin birt bæði á myndrænu formi og í skjölum sem notendur geta unnið áfram eftir þörfum og áhuga. Innan verkefnisins starfar stýrihópur sem í eru fulltrúar Landsvirkjunar, Landsnets, PCC BakkiSilicon, Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri, Norðurþingi, Skútustaðahreppi, Þingeyjarsveit og úr ferðaþjónustu. Stýrihópurinn kemur saman tvisvar á ári og hefur gengt veigamiklu hlutverki við þróun og rekstur verkefnisins. Árlega stendur verkefnið fyrir ársfundi þar sem gögn þess eru hagnýtt til umfjöllunar um mál sem ofarlega eru á baugi hverju sinni. Ársfundur ársins 2021 fjallaði um loftslagsmál og orkuskipti. Frummælendur á fundinum voru Sigurður Ingi Friðleifsson, forstjóri Orkuseturs, Sveinn Margeirsson, sveitarstjóri og verkefnisstjóri Nýsköpunar í norðri og Sigurlína Tryggvadóttir, verkefnisstjóri „Rúllupp“.

Árbók Þingeyinga

Samkvæmt samningi við sveitarfélagið Norðurþing sér Þekkingarnet Þingeyinga um gagnaöflun og framsetningu þeirra vegna pistils um sveitarfélagið í Árbók Þingeyinga. Sveitarfélagið er víðfeðmt og nær yfir gömlu hreppana Reykjahrepp, Kelduneshrepp, Öxarfjarðahrepp og Raufarhafnarhrepp og Húsavík. Leitast er við að afla gagna sem víðast úr sveitarfélaginu bæði í landfræðilegum og samfélagslegum skilningi svo að sérkenni hvers hluta samfélagsins innan Norðurþings komi fram. Gagnaöflunin nær til skólastarfs, menningarstarfsemi, íþrótta- og tómstundastarfs, sjávarútvegs, landbúnaðar, veiði í ám og vötnum, rannsóknar- og þróunarstarfsemi, menntunar og hvers kyns félagsstarfs.

Hamingja íbúa Skútustaðahrepps

Hamingja og vellíðan í Mývatnssveit er íbúakönnun sem Þekkingarnetið hefur framvæmt í þriggung fyrir Skútustaðahrepp í þeim tilgangi að kanna hamingju og vellíðan íbúa til hagnýtar fyrir ákvarðanatöku sveitarstjórnar Skútustaðahrepps, þ.e. að ákvarðanir innan stjórnsýslu sveitarfélagsins séu teknar með það að leiðarljósi að auka hamingju og vellíðan íbúa.

Þróun og þekking: Ný nálgun í stoðkerfi byggða


Verkefnið var áhersluverkefni SSNE og hlaut styrk þaðan í júní 2020. Lokaskýrslan kom út í janúar 2021. Í henni er skipulag og starfsemi þekkingarstofnana á dreifbýlum svæðum í nágrennalöndum okkar skoðað sem og þróun þeirra í kjölfar fjórðu iðnbyltingarinnar. Staða þekkingarsamfélaga á dreifbýlum svæðum á Íslandi er jafnframt borin saman við niðurstöðurnar og leitast við að meta möguleika landsins til framþróunar í þeim efnum. Að endingu er raundæmi um þekkingarsamfélag „Hús þekkingar og atvinnulífs á Húsavík“, sem byggir á ofangreindri vinnu, útfært og kynnt.

Byltingar og byggðaðpróun: Hlutverk þekkingarsetra í byggðaðpróun fjórðu iðnbyltingarinnar

Verkefnið Byltingar og byggðaðpróun hlaut í maí 2020 styrk Byggðarannsóknarsjóðs til að greina áhrif fjórðu iðnbyltingarinnar í byggðum landsins og mögulegar leiðir til að nýta innviði þekkingarsetra til að mæta áskorunum og tækifærum byltingarinnar. Verkefnið er samstarfsverkefni Þekkingarnets Þingeyinga og Nýheima Þekkingaseturs. Lokaskýrslan kom út í desember 2021 þar sem sjónum er beint að áhrifum fjórðu iðnbyltingarinnar á byggðaðpróun á Íslandi, með áherslu á stoðkerfi og innviði byggðanna. Verkefnið byggir á heimildarýni, viðtölum við forsvarsmenn þekkingarstofnana og spurningakönnun meðal sveitarstjórnarfólks, stéttarféлага og atvinnurekenda.

ÞRÓUNAR- OG RANNSÓKNAVERKEFNI Í SAMSTARFI VIÐ AÐRAR STOFNANIR

Erlend samstarfsverkefni eru vaxandi hluti starfsemi Þekkingarnetsins og hefur stofnunin tekið þátt í allmörgum slíkum verkefnum. Oftast er um að ræða rannsókn- og/eða þróunarverkefni á fagsviðum Þekkingarnetsins þar sem fjármögnun fer fram í gegnum samkeppnissjóði á evrópskum eða norrænum grunni. Erlend samstarfsverkefni árið 2020-2022 voru eftirfarandi:



SUSTAIN IT Sjálfbærni í ferðaþjónustu – nýsköpun í þjálfun starfsfólks (Sustainable Tourism Innovative Training) var Erasmus+ samstarfsverkefni sem Þekkingarnetið leiddi. Samstarfsaðilar okkar voru Nýheimar á Höfn og stofnanir á Írlandi, Kýpur, Spáni, Ítalíu og Belgíu. Markmið verkefnisins var að auka samkeppnishæfni fyrirtækja í ferðaþjónustu sem vinna í anda sjálfbærrar þróunar með því að þróa nýjar og hagnýtar leiðir til menntunar fyrir stjórnendur í ferðaþjónustu. Áhersla var lögð á að auka færni einstaklinganna og hæfni í áætlanagerð, innleiðingu og markaðssetningu á sjálfbærri ferðaþjónustu. Á heimasíðu SUSTAIN IT má nálgast allar upplýsingar um verkefnið ásamt helstu afurðum, www.sustainit.eu. Við mat á verkefninu sem gert var vorið 2021 fékk verkefnið viðurkenningu sem Good Practice Example sjá nánar: <https://ec.europa.eu/programmes/erasmus-plus/projects/eplus-project-details/#project/2018-1-IS01-KA202-038795>.



NICHE verkefnið hófst í nóvember 2020 og er til tveggja ára. Það er styrkt af Erasmus+, Samstarfsáætlun Evrópusambandsins. Þekkingarnetið sótti um styrkinn fyrir hönd hópsins og er verkefnisstjóri þess. Samstarfsaðili á Íslandi er Nýheimar Þekkingarsetur á Höfn í Hornafirði og aðrar stofnanir verkefnisins eru í Belgíu, Grikklandi, Írlandi, Ítalíu, Spáni og Svíþjóð. Á ensku heitir verkefnið NICHE – Nurturing Intangible Cultural Heritage for Entrepreneurship sem á íslensku mætti þýða sem *varðveisla óáþreifanlegs menningararfs í frumkvöðlastarfi*. Verkefnið miðar að því að efla frumkvöðlastarf í menningargeiranum með því að leggja aukna áherslu á óáþreifanlegan menningararf og þróa nýstárlegar aðferðir í kennslu og þjálfun um efnið. Markhópurinn er núverandi og tilvonandi fagfólk í greininni og er ætlunin að auka samkeppnishæfni og viðhalda vexti hennar. Heimasíða verkefnisins er: www.nicheproject.eu.



Haustið 2020 hófst vinna við Erasmus+ samstarfsverkefni á sviði fullorðinsfræðslu. Það kallast Stafræn samfélög en enska heitið er *Digital skills and competences of local communities in rural areas*. Verkefnið er unnið í samstarfi við sex stofnanir í fimm Evrópulöndum, þ.e. Búlgaríu, Hollandi, Svíþjóð, Spáni og Íslandi en þátttakendur frá Íslandi eru tveir, Nýheimar þekkingarsetur og Þekkingarnet Þingeyinga. Nýheimar þekkingarsetur sóttu um verkefnið fyrir hönd hópsins og er verkefnastjóri þess. Verkefnið snýst um að styðja við stafræna færni íbúa í sveitarfélögum á landsbyggðinni. Áhersla verður lögð á þjálfun eldri borgara í þessu samhengi ásamt sjálfbóðaliðum, leiðbeinendum og umönnunaraðilum þeirra. Heimasíða verkefnisins er: www.digital-communities.eu.



Þekkingarnet Þingeyinga er þátttakandi í Erasmus+ verkefninu DEAL sem styrkt er af Erasmus+, Samstarfsáætlun Evrópusambandsins. DEAL – *Digital Entrepreneurship for Adult Learners* eða Símenntun í stafrænni hæfni frumkvöðla. DEAL verkefnið miðar að því að þróa nýstárlegar aðferðir í kennslu og þjálfun, efla frumkvöðlastarf í dreifðum byggðum með því að leggja aukna áherslu á stafræna nálgun. Markhópurinn er fullorðið fólk með litla menntun. DEAL verkefnið er tveggja ára verkefni sem hófst í nóvember 2020. Þátttakendur í verkefninu eru sjö talsins og koma frá fimm Evrópulöndum (Belgíu, Íslandi, Írland, Ítalía og Spáni). Frekari upplýsingar má finna á heimasíðu verkefnisins: www.projectdeal.eu.



Þekkingarnet Þingeyinga, ásamt sjö samstarfsaðilum frá sex Evrópulöndum vinnur að samstarfsverkefninu SPECIAL en það stendur fyrir *Supporting and Promoting EntreComp through Innovative Advanced Learning*. SPECIAL er styrkt af Erasmus+, samstarfsáætlun Evrópusambandsins og er samstarfsverkefni á sviði starfsmenntunar.

SPECIAL miðar að því að styrkja lífsleikni og „mjúka færni“ (soft skills) hjá ungu fólki sem er ekki í námi eða þjálfun og er án atvinnu (NEET). Markmiðið er að styðja þau til þátttöku í samfélaginu og á vinnumarkaði, en verkefnið á sérstaklega vel við núna vegna þeirra áhrifa sem Covid19 hefur haft á samfélagið. Í SPECIAL munu samstarfsaðilarnir þróa og prufukeyra þjálfunaráætlanir en markmiðið er að þær séu sveigjanlegar og sniðnar að þörfum markhópsins. Þekkingarnet Þingeyinga fer með verkefnastjórn í þessu verkefni og kemur hugmyndin út frá vinnu við opnun FabLab Húsavík og þau tækifæri sem skapast þar. Heimasíða verkefnisins er: <https://projectspecial.eu>.



Á árinu varð Þekkingarnetið aðili að First Network en það eru alþjóðleg samtök símenntunarmiðstöðva og rannsóknarsetra. Markmið samtakana er að styrkja og auka samvinnu samtaka og sjálfseignastofnana á sviði fullorðinsfræðslu til að starfa á alþjóðavettvangi, auka nýsköpunarhæfni og getu til að laga sig að breytingum í nútíma heimi. Heimasíða samtakanna er: <https://first-network.eu/en/>



Þekkingarnetið hefur fengið styrk til að senda starfsfólk til samstarfsaðila í fullorðinsfræðslu í einu af þáttökulöndum Erasmus+ áætlunarinnar til að sækja sér meiri þekkingu á sviði fullorðinsfræðslu, s.s. með þátttöku í fagtengdum námskeiðum eða með starfskynningu hjá fullorðinsfræðsluaðilum. Verkefnið ber heitið *Nám og þjálfun KA1 (Accredited projects for mobility of learners and staff in adult education and training)* og er styrkt að fullu af Erasmus+.

YFIRLIT VERKEFNA Á RANNSÓKNASVIÐI 2021

VERKEFNI	TEGUND	SAMSTARF	FRAMKVÆMD
SPECIAL Supporting NEETs through EntreComp and LifeComp	Erasmus + Verkefnisstjórn, gagnavinnsla og skipulag	Samstarfsaðilar frá Rúmeníu, Svíþjóð, Spáni, Ítalíu, Íslandi og Belgíu.	AD, IB, HVG, LBR, HÓ
NICHE Nurturing Intangible Cultural Heritage for Entrepreneurship	Erasmus + Verkefnisstjórn, gagnavinnsla og skipulag	Samstarfsaðilar frá Belgíu, Íslandi Grikklandi, Írlandi, Ítalíu, Spáni og Svíþjóð	AD, IB, HVG, LBR, HÓ
DEAL Digital Entrepreneurship for Adult Learners	Erasmus + Gagnavinnsla og skipulag	Samstarfsaðilar frá Belgíu, Íslandi, Írlandi, Ítalíu og Spáni	AD, HVG, IB, LBR, HÓ
Stafræn samfélög. Digital Skills and Competences of Local Communities in Rural Areas	Erasmus + Gagnavinnsla og skipulag	Samstarfsaðilar frá Búlgaríu, Hollandi, Svíþjóð, Spáni og Íslandi	AD, IB, HVG, LBR, HÓ
Nám og þjálfun Accredited projects for mobility of learners and staff in adult education	Erasmus+ Starfsþjálfun starfsfólks	Samstarfsaðilar í fullorðinsfræðslu í einu af þátttöku- löndum Erasmus+ áætlunarinnar	Allir starfsmenn
VALOR Value Creation in Rural Communities	NORA Gagnavinnsla og skipulag	Samstarfsaðilar frá Færeyjum, Noregi, Íslandi og Grænlandi	AD, IB, HVG, LBR, HÓ
<u>Byltingar og byggða- þróun:</u> Hlutverk þekkingarsetra í byggðaþróun fjórðu iðnbyltingarinnar	Verkefnisstjórn, gagnavinnsla og skipulag. Verkefni styrkt af Byggða- rannsóknasjóði	Samstarfsaðilar Nýheimar þekkingarsetur	ÓH, LBR, HH
<u>Mannfjöldapróun í Þingeyjarsýslum</u>	Rannsóknar/ þróunarverkefni skýrsla	Eigið verkefni	HEI
<u>Þróun og þekking: Ný nálgun í stoðkerfi byggða</u>	Rannsóknar/ þróunarverkefni skýrsla	Áhersluverkefni SSNE	ÓH, ÓT, LBR, HEI

VERKEFNI	TEGUND	SAMSTARF	FRAMKVÆMD
Hamingja og vellíðan í Mývatnssveit	Spurningakönnun skýrsla. Útseld vinna	Samstarfsaðilar: Skútustaðahreppur	LBR
<u>Gönguleiðir í Þingeyjarsveit</u>	Hnitsetning og leiðarlýsing gönguleiða	Samstarfsaðilar: Þingeyjarsveit og VMST	RIE, HEI, LBR, HH
<u>Gönguleiðir í nágrenni Raufarhafnar</u>	Hnitsetning og leiðarlýsing gönguleiða	Samstarfsaðilar: Norðurþing og VMST	RP, HEI, LBR, HH
Smáforrit í ferðaþjónustu	Sumarverkefni námsmanna	Samstarfsaðilar: Mývatnssstofa og VMST	BJ, HEI, LBR, HH
<u>Lífið í sveitinni</u>	Heimildahlaðvarp. Sumarverkefni námsmanna	Samstarfsaðilar: Skútustaðahreppur og VMST	MHE, AD, HEI
Hamingjuverkefni	Sumarverkefni námsmanna	Samstarfsaðilar: Skútustaðahreppur og VMST.	ÓT, HEI, LBR, HH
Sólborgarmálið	Heimildahlaðvarp. Sumarverkefni námsmanna	Samstarfsaðilar: VMST.	PHS, HEI, LBR, HH
Grundun mannvirkja	Sumarverkefni námsmanna	Samstarfsaðilar: Norðurþing, HÍ og VMST.	BÖA, HEI, HH
Saga færeyskra sjómanna við Bakkafjörð	Sumarverkefni námsmanna	Samstarfsaðilar: Langanesbyggð og VMST	HMJ, HEI, LBR, HH
Hagtölur í Þingeyjarsýslum	Sumarverkefni námsmanna	Samstarfsaðilar: VMST	EÁE, HEI, LBR, HH

Grundun mannvirkja

Brynjar Örn Arnarson stundar nám í jarðfræði við Háskóla Íslands. Verkefni hans gekk út á að kanna grundun mannvirkja á Húsavík til að fá betri mynd af mótstöðu þeirra gegn álagi í hugsanlegum jarðskjálftum. Verkefnið var unnið í samstarfi við Norðurþing og Háskóla Íslands. Fagleg leiðsögn með verkefninu var í höndum dr. Benedikts Halldórssonar og skapaði það mikilvægt ítarefni fyrir verkefni ICEARREY sem snýr að þéttum jarðskjálftamælingum í byggð á brotabeltum Íslands. Brynjar hafði starfsaðstöðu í Þekkingarsetrinu á Húsavík.



Sögur úr sveitinni

Margrét Hildur Egilsdóttir stundar nám í íslensku við Háskóla Íslands. Hún er fædd og uppalin í Mývatnssveit og vann að gerð hlaðvarps með viðtölum við sveitunga sína í Mývatnssveit um lífið í sveitinni fyrr á tímum. Meðal þess sem rætt er um í þáttunum er daglegt líf við vatnið og hvernig það breyttist með árstíðunum. Einnig Kröflueldarnir, Laxárdeilan, umbreyting sveitarinnar úr fámennum stað í fjölsóttan ferðamannastað, þróun atvinnulífs og margt fleira. Úr viðtölunum vann Margrét fjóra hlaðvarpsþætti undir heitinu Sögur úr sveitinni. Þeir eru aðgengilegir á [Spotify](#) og [Podbean](#).



Hamingjuverkefni

Ólöf Traustadóttir er nemi í sálfræði við Háskóla Íslands. Hamingjuverkefnið snýst um það hvernig sveitarfélag getur tekið virkan þátt í því að reyna að auka hamingju íbúa sinna. Verkefnið byggir að stórum hluta á niðurstöðum spurningakönnunar á líðan íbúa í sveitarfélaginu og felst í því að koma með tillögur um það hvernig væri hægt að auka hamingju íbúa í Skútustaðahreppi út frá niðurstöðunum. Einnig að flytja fræðsluerindi um efni sem tengjast hamingju og heilsu. Ólöf hafði starfsaðstöðu í Þekkingarsetrinu á Húsavík.




Óáþreifanlegur menningararfur

Erla Diljá Sæmundardóttir er nemi í landfræði við Háskóla Íslands. Hún vann við þýðingar í Evrópuverkefninu NICHE, "*Nurturing Intangible Cultural Heritage for Entrepreneurship*" sem ÞP hefur umsjón með. Markmið NICHE er að efla frumkvöðlastarfsemi á vettvangi óáþreifanlegs menningararfs með því að þróa þjálfunarleiðir og fræðsluefni sem eflir og eykur samkeppnishæfni og frumkvöðlastarf. Erla hafði aðstöðu í Þekkingarsetrinu Mikley í Mývatnssveit.



Gönguleiðir við Raufarhöfn

Rósa Björg Þórsdóttir er nemi í viðskiptafræði við Háskóla Íslands. Hún er fædd og uppalin á Raufarhöfn og verkefni hennar sneri að því að skrá og kortleggja gönguleiðir á og við Raufarhöfn. Rósa notaði Wikiloc vefinn til að skrá leiðirnar en þar má sækja hnit fyrir gps tæki eða snjallúr, ásamt upplýsingum um leiðirnar og skoða myndir sem Rósa tók á ferðum sínum. Gönguleiðirnar sem skráðar voru eru Höfðahringurinn, Ólafsvatn, Rifstangi, Heimskautsgerðið og Stríðsárin á Raufarhöfn. Þær eru aðgengilegar á Wikiloc undir notandanafni Þekkingarnetsins hac1.



Saga færeyskra sjómanna við Bakkafjörð

Hrefna Maren Jörgensdóttir er nemi við Háskólann á Akureyri. Hún vann heimildavinnu um sögu færeyskra sjómanna við Bakkafjörð í samstarfi við Langanesbyggð. Færeyingar byrjuðu að sækja hingað til lands til fiskveiða laust eftir 1870 á skútum sínum. Voru þeir hvað mest áberandi á Austfjörðum og norður að Langanesi í kringum aldamótin 1900 þar sem þeir stunduðu veiðar af kappi. Hrefna vann heimildaskýrslu fyrir Langanesbyggð sem nota má við skiltagerð um sögu færeyskra sjómanna á svæðinu.



Smáforrit í ferðþjónustu

Baldur Jónsson er nemi í tölvunarfræði við Háskólann á Akureyri. Hann vann að gerð smáforrits í ferðþjónustu fyrir Mývatnssveit.



Í smáforritinu má nálgast upplýsingar um þjónustu og afþreyingu staðarins og gagnvirk kort með áhugaverðum stöðum. Það nýtist jafnt ferðamönnum sem íbúum þar sem það veitir upplýsingar um alla helstu þjónustuaðila staðarins og gefur beina tengingu við þá. Verkefnið er enn í vinnslu og er unnið í samstarfi við Mývatnssstofu.

Gönguleiðir í Þingeyjarsveit

Ragnheiður Ingibjörg Einarsdóttir er nemi í mannfræði í HÍ. Hún vann að hnitsetningu gönguleiða í Þingeyjarsveit og gerð leiðarlýsinga.



Líkt og í gönguleiðaverkefninu á Rauðarhöfn notaði Ragnheiður Wikiloc vefinn til að skrá leiðirnar en þar má sækja hnit fyrir gps tæki eða snjallúr. Þar má einnig finna leiðarlýsingar og myndir. Gönguleiðirnar sem skráðar voru eru alls níu og þær eru aðgengilegar á Wikiloc undir notendanafni ÞÞ, hac1.

Ragnheiður skrifaði einnig kafla í Árbók Þingeyinga og vann við Evrópuverkefnið um óáþreifanlegan menningararf.

Heimasíða

Hólmar Ben er nemi í kennarafræðum við Háskólann á Akureyri. Verkefni hans í sumar var að þýða efni á vefsíðu ÞÞ á ensku og koma því á rétt svæði. Hólmar hafði starfsaðstöðu í Þekkingarsetrinu á Húsavík.



Sólborgarmálið

Páll Hlíðar Svavarsson varð stúdent frá Menntaskólanum á Akureyri síðastliðið vor. Verkefni hans snýr að gerð hlaðvarps um Sólborgarmálið svokallaða. Þar er sagt frá æsku og uppvexti Einars Benediktssonar,



dómsmálinu á Svalbarði í Þistilfirði og harmleiknum sem því fylgdi. Hlaðvarpið byggir á heimildavinnu úr frumgögnum málsins s.s. dómabókum, manntölum, kirkjubókum og öðrum heimildum. Verkefnið er enn í vinnslu. Páll hafði starfsaðstöðu í Þekkingarsetrinu á Húsavík.

Hagtölur í Þingeyjarsýslum

Elías Árni Eyþórsson er nemi í hagfræði við háskólann í Árósum. Hann vann að greiningu hagtalna í Þingeyjarsýslum og þróun þeirra síðustu tíu ár. Meðal þess sem



útreikningar Elíasar beindust að var þróun mannfjölda, gistinátta, hvalaskoðunar, vinnu- markaðar, nemendafjölda og atvinnutekna. Einnig vann Elías spálíkan fyrir atvinnuleysisprósentu hvers sveitarfélags. Unnið var úr gögnum frá Hagstofu Íslands, Vinnumála- stofnun, mælaborði landbúnaðarins og mæla- borði ferðþjónustunnar.

VERKEFNI SUMARNEMA 2021 Í MYNDUM



GÓÐIR GESTIR

Nokkuð gestkvæmt var í Þekkingarsetrinu á árinu þrátt fyrir samkomutakmarkanir í heimsfaraldri. Meðal þeirra sem heimsóttu setrið voru frambjóðendur stjórnmálaflokka í aðdraganda kosninga, sem fengu kynningu á starfsemi hússins. Einnig fjölmargar stofnanir og samstarfsaðilar, íslenskir og erlendir. Áhugaverðar umræður spinnast ávallt í þessum heimsóknum um umhverfi nýsköpunar á landsbyggðinni, styrktarsjóði og fjárveitingar. Einnig um framtíð símenntunar, Evrópuverkefni, rannsóknir og margt fleira. Mikilvægt er að halda upplýsingaflæði af þessu tagi góðu og lítur Þekkingarnetið á það sem skyldu sína að upplýsa um stöðu mála hverju sinni.




RÁÐSTEFNUR OG MÁLÞING

Árlegt málþing Þekkingarnetsins var haldið í febrúar.

Að þessu sinni var það rafrænt og í beinu streymi á facebook og youtube-rás Þekkingarnetsins. Fundarstjóri var Sveinn Margeirsson sveitarstjóri Skútustaðahrepps og yfirskrift málþingsins var "Tækifæri og áskoranir í Þingeyjarsýslu."

Erindin voru fjögur talsins og tengdust öll starfsvæði Þekkingarnetsins. Megin inntak þeirra var m.a. nýsköpun í norðri, verk skáldkonunnar Jakobínu Sigurðardóttur og jarðskjálftamælingar í byggð. Alls voru rúmlega 200 þátttakendur á málþinginu (*engagements*) og streymið náði til 3.500 notenda (*reach*).



Þáttaka í öðrum ráðstefnum var í lágmarki sökum heimsfaraldurs en starfsfólk Þekkingarnetsins fjölmennti þó á Byggðaráðstefnuna 2021 sem haldin var í Vík í Mýrdal í október. Yfirskrift ráðstefnunnar var „Menntun án staðsetningar?“ Þar voru kynntar niðurstöður verkefnisins "Staða og hlutverk þekkingarsetra í byggðaþróun" sem ÞÞ var þátttakandi í ásamt Nýheimum Þekkingarsetri og Fjölheimum á Selfossi.



Pekkingarsetrið í Þingeyjarsýslu starfsemi 2021



Óli Halldórsson

Forstöðumaður
MA Umhverfisfræði, BA heimspeki,
Framhaldsskólakennari



Arnþrúður Dagsdóttir

Verkefnastjóri í Mikley
MA og BA í myndlist
Kennslufræði



Egill Aðalgeir Bjarnason

Húsumsjón og ræstingar Húsavík
Prófyfirseta ofl.



Guðrún Helga Ágústsdóttir

Náms- og starfsráðgjafi
MA náms- og starfsráðgj. BA félagsráðgjöf
Dipl. starfsendurhæfing



Guðrún Ósk Brynjarsdóttir

Skrifstofustjóri, afgreiðsla
Skólaritari frá Ví



Heiðrún Óladóttir

Verkefnastjóri á símenntunarsviði
BEd kennari



Helena Eydís Ingólfssdóttir

Verkefnastjóri á rannsóknasviði
BEd kennari,
MPA í opinberri stjórnslu



Huld Hafliðadóttir

Verkefnastjóri á símenntunarsviði
Stundar nám í félagsfræði HÍ



Hilmar Valur Gunnarsson

Verkefnastjóri á símenntunarsviði
BA í félagsráðgjöf



Ingibjörg Benediktsdóttir

Verkefnastjóri á símenntunarsviði
BA í nútímafræðum



Lilja Berglind Rögnvaldsdóttir

Verkefnastjóri á rannsóknasviði
MS alþjóðamákaðsfr. MS ferðamálafr.
Cand.Oecon Viðskiptafræði



Stefán Pétur Sólveigarson

Verkefnisstjóri Hraðsins
nýsköpunarseturs



Aðalsteinn Örn Snæþórsson

Forstöðumaður
MS líffræðingur, BEd kennari



Brynjólfr Brynjólfsson

Sérfræðingur
BS líffræðingur



Sesselja Guðrún Sigurðardóttir

Sérfræðingur
BS líffræðingur



Sigrúður Stella Jóhannsdóttir

Sérfræðingur
MS/BS líffræðingur



Yann Kolbeinsson

Sérfræðingur
BS líffræðingur



Snæþór Aðalsteinsson

Sumarstarfsmaður
BS líffræðingur



SUMARNEMAR ÞÞ 2021

Baldur Jónsson

Smáforrit í ferðaþjónustu



Brynjar Örn Arnarson

Grundun mannvirkja



Elías Árni Eypórsson

Hagtölugreining



Erla Diljá Sæmundard.

Evrópuverkefni



Hólmar Ben Kristjánss.

Þýðingar



Hrefna M. Jörgensd.

Saga færeyskra sjómanna



Ólöf Traustadóttir

Hamingjuverkefni



Margrét Hildur Egilsd.

Hlaðvarpsgerð



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Charla Jean Basran

Forstöðumaður (staðgengill)
Post-doc rannsakandi í sjávarlíffræði
MRM stjórnun hafsvæða, BS líffræði



Marianne H. Rasmussen

Forstöðumaður (í fæðingarorlofi)
PhD sjávarspendýrafr. Cand.Sc líffræði



Tímabundin rannsóknaverkefni:

Maria Glarou

Rannsóknaverkefni um líkamsástand hvala
PhD nemi sjávarspendýrafræði



Olli Loisa

Arçpath ranns.verkefni um loftslagsbr.
PhD nemi sjávarlíffræði



Tatiana Marchon

Rannsóknaverkefni um háhyrninga
PhD nemi í sjávarspendýrafræði



Tom Grove

Cortisol mælingar á útblæstri hvala
PhD nemi sjávarspendýrafræði



HEILBRIGÐISEFTIRLIT N.E.

Jóhannes Haukur Hauksson

Deildarstjóri austursvæðis



BYGGÐASTOFNUN

Reinhard Reynisson

Sérfræðingur



Valgeir Sigurðsson

Kerfisstjóri



Páll Hlíðar Svavarsson

Hlaðvarpsgerð



Ragnheiður I. Einarsd.

Gönguleiðaverkefni



Rósa Björg Þórsd.

Gönguleiðaverkefni



Nemar og gestir

Auk starfsfólks sem greint er að ofan starfar fjöldi nema í símenntun og háskólaflarnámi innan veggja Pekkingarsetursins allt árið um kring. Einnig er nokkuð um gestarannsakendur í samstarfi við stofnanirnar sem nýta aðstöðu og þjónustu við störf sín til skemmrí tíma